# Messa við Fálkafell
## Messusvör og sálmar

1. **Upphafsorð og signing**
   Lesari (L): Ég hef augu mín til fjallanna, hvaðan kemur mér hjálp?
   ***Allir (A): Hjálp mín kemur frá Drottni, skapara himins og jarðar.***

2. **Sálmur: Líður að dögun (Morning has broken)**




1 Líður að dögun, léttir af þoku,
ljóðin sín kveða fuglar af snilld.
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka,
dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.

2 Verðandi morgunn, vindur og sunna.
Vanga minn strýkur náðin þín blíð.
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka,
geislar þín sköpun, nú er mín tíð.

3 Risinn til lífsins lausnarinn Jesús
leið þinni beinir hvert sem ég fer.
Indæl er jörðin, eilíf er vonin,
allt skal að nýju fæðast í þér.

## 3. Bænagjörð

L: Fyrir jörðina, hafið og himinn, einingu þeirra og litadýrð
***A: þökkum við þér Guð***
L: Fyrir lífið og orkuna sem streymir í gegnum heiminn
***A: þökkum við þér Guð***
L: Fyrir að þú hafir gefið okkur tilgang og umvafið okkur kærleika þínum
***A: þökkum við þér Guð***

L: Vegna skeytingarleysis mannkyns gagnvart lífinu á jörðinni segjum við:
***A: Drottinn miskunna þú oss***
L: Vegna þrár mannkyns eftir gróða og vexti, sama hver fórnarkostnaðurinn er segjum við:
***A: Drottinn miskunna þú oss***
L: Vegna ótta mannkyns við að taka ábyrgð og velja veg friðar og kærleika segjum við:
***A: Drottinn miskunna þú oss***

L: Gef að við misnotum ekki gjafir þínar af sjálfselsku, hjálpa okkur að nýta þær til að mæta þörfum alls fólks til dýrðar nafni þínu.
***A: Dýrð sé Guði, og friður á jörðu, Amen.***

L: Ekki gaf Guð okkur anda hugleysis heldur anda máttar og kærleiks og stillingar. (2. Tim 1.7

## 4. Sálmur: Stjörnur og sól

Stjörnur og sól, blómstur og börn,
já, vindinn og vötn, allt gerði Guð.
Himinn og jörð hans eru verk.
Drottinn, við þér viljum þakka.

*Drottinn, við þökkum þér.*
*Þig einan tignum við.*
*Herra, við lofum þitt heilaga nafn.*

Jesús, Guðs son, lifði og lét
sitt líf fyrir menn, alla sem einn.
Lifandi' í dag dvelur hann hér.
Drottinn, við þér viljum þakka.

*Drottinn, við þökkum þér...*

Andi Guðs einn, helgur og hlýr
nú huggar sem fyrr, uppfræðir enn,
vegsamar Guð dag eftir dag.
Drottinn, við þér viljum þakka.

*Drottinn, við þökkum þér...*

5. **<u>Guðspjall</u>**
6. **<u>Söngur: Fram í heiðanna ró</u>**

# 19. FRAM Í HEIÐANNA RÓ

*Textí: Fr. A. Fr.*

C C7
Fram í heiðanna ró
F fm
fann ég bólstað og bjó,
C am dm G7
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
C C7
Þar er vistin mér góð,
F fm
aldrei heyrist þar hnjóð,
C G7 C
þar er himinninn víður og tær.

Viðlag:
G G7 C
Heiðarból ég bý,
am dm G7
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
C C7
Þar er vistin mér góð,
F fm
aldrei heyrist þar hnjóð,
C G7 C
þar er himinninn víður og tær.

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Viðlag:
Heiðarból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrist þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi dýrðin í geim
bera af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Þetta loft er svo tært,
finnið þýtmjúkan þey
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi ekki borgir
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

7. **<u>Hugvekja</u>**
8. **<u>Sálmur: Í bljúgri bæn</u>**
9. **<u>Bæn, Faðir vor og blessunarorð</u>**
10. **<u>Sálmur: Dag í senn</u>**

2. Hann sem er mér allar stundir nærri
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

3. Hann sem er mér allar stundir nærri
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.




2. Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

3. Sú ein er bæn í brjósti mér
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn
að verðir þú æ Drottinn minn.

